

Alþingi
Erindi nr. P 133/1387
komudagur 5.3. 2007



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara samgöngunefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfuðborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 28.02.2007
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 574. og 575. mál, tillögur til þingsályktana um samgönguáætlanir (133. löggjafarþing)

Vísað er til bréfa yðar, dags. 21. og 22. febrúar sl., varðandi ofangreind mál. Gefinn var frestur þar til í gær, eða tveir virkir dagar, til þess að svara erindunum. Þeim fylgdu tvö umfangsmikil skjöl, þ.e. tillögur til samgönguáætlana fyrir árin 2007-2010 annars vegar og fyrir árin 2007-2018 hins vegar. Vegna mikilla anna við umsagnir um önnur þingmál og störf að neytendamálum gefst ekki færi á að fara yfir tillögurnar í heild en ég vil gjarnan geta þess að ég tel það meðal hagsmuna neytenda að eiga fleiri raunhæfa samgöngukosti en nú er – einkum á höfuðborgarsvæðinu. Vil ég því áréttta eftirfarandi, sem fram kom í niðurlagi umsagnar, dags. 18. maí 2006, um 794. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. með síðari breytingum, framlenging á lækkun olíugjalds, og um meðfylgjandi breytingartillögur við málið (132. löggjafarþing):

„Hvað varðar þá tillögu á þskj. 1250 að tilgreindur hluti innheimtra tekna samkvæmt lögum nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald renni til þess að efla almenningsamgöngur tel ég slíka ráðstöfun til þess fallna að fjölga valkostum neytenda m.t.t. annarra samgangna en með einkabifreið. Með vísan til þess vil ég taka undir tillögunu hvað almenningsamgöngur varðar enda er þörf á að gera aðra kosti raunhæfa fyrir fleiri sem geta á annað borð valið aðrar leiðir en einkabifreið. Þá geta umbætur á almenningsamgöngum hugsanlega haft það í för með sér að ferðatími í einkabifreiðum styttest eins og sums staðar er þörf á.“

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum